

Skinney-Pinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Egilsstaðir, 8.1.2025
UST202402-105/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 6. nóvember 2024– Skinney-Pinganes, Höfn í Hornafirði, ID 94

Þann 6. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Skinneyjar-Pinganes, Höfn í Hornafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Efnageymsla og pró sem er tengd henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og verður því lokið fyrir 31. desember 2024.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Tryggja þarf að allir olíutankar séu skráðir undir þeim númerum sem koma fram í öðrum gögnum rekstraraðila. Senda þarf eftirlitsaðila uppfærðan lista.
2. Í sýnatöku ársins 2024 skal taka sýni úr öllum frárennslisstraumum verksmiðjunnar.
3. Uppfæra þarf áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Niðurstöðum TVN mælinga var ekki skilað til eftirlitsaðila með grænu bókhaldi fyrir árið 2023.
Niðurstöðum TVN mælinga ársins 2023 var skilað í kjölfar eftirlitsins og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu eldra fráviki í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur